

09.03.2017

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

Fundur nr. 45.

Mættir: Sigmundur Kr. Magnússon, María Jónsdóttir og Inga Elísabet Vésteinsdóttir

Fundargerð ritar: Inga Elísabet Vésteinsdóttir

*Dagskrá fundar:*

1. Hugmyndir um íbúalýðræði sem fram komu á kynningu/fundi hverfisnefnda og bæjarfulltrúa ræddar.
2. Tillögur að ráðstöfun fjár til umhverfisverkefna.

1. Tillögur um íbúalýðræði leggjast almennt vel í nefndarmenn. Bindum vonir við möguleikann á auknu samtali við íbúa í gegnum rafræna íbúagátt á vegum bæjarins. Þannig gætu hverfisnefndir talað betur máli íbúa í stað þess að þeir einstaklingar sem sinna nefndarsetu taki ákvarðanir sem þeir telja að hugnist íbúum. Slíkt er að sjálfsgöðu ávallt gert í bestu trú, en erfitt er að ná til íbúa með hefðbundnum fundum og því er ekki alltaf víst að nefndin tali í samræmi við vilja meirihluta íbúa. Rafrænn vettvangur gæti bætt þetta.

Í því sambandi voru viðruð áform um að virkja facebook síðu fyrir hverfið. Á slíkri síður þarf e.t.v. að vera skýrari í því að nefndin starfi fyrir allt skólahverfi Brekkuskóla. Lítil samsömun íbúa við nefndina þar sem hvorki Brekkubúar né Innbæingar telja sig tilheyra þessu stóra hverfi.

Nefndin telur mikilvægt að málefni Brekku og Innbæjar verði aðskilin, hvernig sem starfi hverfisnefnda verður háttað í framtíðinni. Þeirri skoðun hefur núþegar verið komið á framfæri.

2. Innsendar tillögur nefndarinnar um ráðstöfun fjár til umhverfisverkefna eru eftirfarandi:

1. Grillhús á Hamarskotstún / Grillhús í Innbæ (t.d. við tjörn eða á bletti á mörkun Spítalavegs og Lækjargötu undir gömlu karföflugörðum)
2. Þjóða eigendum húsa sem bera sérheiti uppá skilti með þessu heiti og uppsetningu þess.
3. Bekk, rusladall og blómaker á minnst tveim stöðum við tjörn í innbænum.
4. Bekk og rusladall á klöppum við enda Ásvegar.

Tillögur voru sendar verkefnisstjóra umhverfismála þann 15. mars 2017. Óskað var eftir viðbrögðum við tillögum þessum.

Fundi slitið.